

Heilsufar og heilbrigðisþjónusta á Íslandi: kynja- og jafnréttissjónarmið

Dr. Finnborg Salome Steinþórsdóttir, Háskóli Íslands. Verkefni unnið fyrir heilbrigðisráðuneytið.

Markmið verkefnisins er að kortleggja stöðu heilsufars á Íslandi út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum og meta hvort að heilbrigðisþjónusta mæti þörfum allra kynja. Byggt á niðurstöðum verkefnis verða lagðar fram tillögur til úrbóta.

Fyrirmynd verkefnisins er skýrsla nefndar um heilsufar kvenna frá árinu 2000, sem skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra árið 1995¹. Í skýrslunni gerir nefndin grein fyrir heilsufari kvenna í alþjóðlegu samhengi, stöðu heilsufars kvenna hér á landi og setur fram tillögur um hvernig vinna megi markvisst að úrbótum varðandi heilsufar kvenna. Niðurstöðurnar benda til þess að konur búa að nokkru leyti við lakara heilsufar en karlar. Konur nota heilbrigðisþjónustuna meira en karlar, og eru þær sendar í fleiri rannsóknir, oftast sjúkdómsgreindar, eru oftast í meðferð og fá meira af lyfjum. Samst sem áður eru vísbendingar um heilbrigðisþjónustan taki ekki nægilegt tillit til þarfa kvenna. Í áliti sínu bendir nefndin m.a. á að aðgengi að gögnum og upplýsingum um heilsufar hér á landi sé gott, en mikill skortur er á að þau séu greind eða sundurliðuð eftir kyni og aldri. Má ætla að mikið hafi áunnist í öflun kyngreindra gagna og upplýsinga og því mikilvægt að framkvæma sambærilega kortlagningu nú tuttugu árum síðar.

Nefndin um heilsufar kvenna kortlagði eftirfarandi þætti:

Konur og heilsa	Konur og heilbrigðisþjónustan
Hjarta- og æðasjúkdómar	Notkun heilbrigðisþjónustu
Krabbamein	Notkun jaðarlækninga
Gigtarsjúkdómar	Úrlausnir í heilsugæslu
Geðsjúkdómar	Kynfræðsla og barneignir
Atvinnusjúkdómar og örorka	Fjölskylduáætlun
Slys og heimilisofbeldi	Þjónusta við fæðandi konur fyrir og eftir barnsburð
Líffræðilegt hlutskipti kvenna	Skipulögð sjúkdómaleit
Áhættuþættir og lífstíll	Skipulag heilsugæslu
	Heilsuvarnarstöð Reykjavíkur

¹ https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/Skyrslur/Heilsa_kvenna.pdf

Lagt er til að í verkefninu verður farið í sambærilega kortlagningu út frá kynja+ nálgun, eða samtönnun (e. *intersectionality*), en það eru fleiri þættir en kyn sem skilgreina stöðu fólks og getur haft áhrif á heilsufar þeirra. Byggja þarf á margbreytileikasjónarmiðum til að heilbrigðisþjónustan geti mætt þörfum allra landsmanna.

Gagnaöflunar hófst í júní 2020. Haldið verður áfram með öflun ganga samhliða greiningu og skýrsluskrifum haustið 2020.

Hér fyrir neðan er að finna yfirlit yfir þau gögn sem hefur nú þegar verið aflað eða óskað eftir.

Gagnaöflun 2020, sundurliðað a.m.k. eftir kyni:

Lýðheilsa

- Hamingja fullorðinna
- Stuttur svefn fullorðinna
- Streita fullorðinna
- Virkur ferðamáti í vinnu/skóla, fullorðnir
- Grænmetis- og ávaxtaneysla fullorðinna
- Gosdrykkjaneysla fullorðinna
- Reykingar fullorðinna
- Áhættudrykkja fullorðinna
- Líkamleg heilsa sæmileg/léleg, fullorðnir
- Andleg heilsa sæmileg/léleg, fullorðnir
- Þunglyndislyfjanotkun
- Sýklalyfjaávisanir < 5 ára
- Liðskiptaaðgerðir á mjöðm
- Biðlisti eftir hjúkrunarrými, ≥ 67 ára
- Eiga erfitt með að ná endum saman

Heilsa og líðan íslendinga

- Áfengisnotkun
- Reykingar og tóbak
- Vímuvarnir
- Næring
- Hreyfing
- Holdafar
- Svefn
- Tannvernd
- Mat á líkamlegri heilsu
- Mat á andlegri heilsu

Hamingja
Frestað/hætt við að fara til læknis vegna kostnaðar
Blóðþrýstingur

Fæðingar

Barnsfæðingar
Fjöldi fæddra og tíðni eftir aldri mæðra
Fjöldi forskoðana og aldur mæðra
Hlutfall keisaraskurða af öllum fæðingum
Hlutfall heimafæðinga af öllum fæðingum
Fæðingar og fæðingartíðni

Dauðsföll og dánarorsakir

Sjálfsvíg
Lyfjatengt andlát
Ótímabær dauðsföll
Krufningar og krufningartíðni

Slys

Skráð eftir tegund
Skráð eftir mánuðum
Skráð eftir vikudögum
Skráð eftir tíma sólarhrings
Slasaðir eftir kyni og aldri

Sjúkdómar

HIV/alnæmi
Klamydía
Tilkynningaskyldir sjúkdómar
ESBL (baktería)
Giardia (frumdýr)
Kampýlóbakter í mönnum
Kíkhósti
Lekandi
Lifrabólga A
Lifrabólga B
Lifrabólga C
Pneumókokkasýking
Salmonella
Sárasótt
Skráningaskyldir sjúkdómar
VÓE (sýkill)

Krabbamein

Nýgengni
Dánartíðni
hlutfallsleg lifun
Aldurbundið nýgengi

Áfengis- og vímuefni

Áfengismeðferð

Ofbeldi

Kynbundið ofbeldi

Örorka

Orsök
Vinnutap og varanleg örorka

Aðgerðir

Þungunarrof
Ófrjósemisaðgerðir

Biðlistar

Eftir völdum skurðaðgerðum og fjöldi framkvæmdra aðgerða
Dvöl í hjúkrunarrými

Heilsugæsla

Samskipti við heilsugæslustöðvar
Tílefni viðtala við lækna
Viðtöl og vitjanir hjúkrunafræðinga/ljósmæðra
Viðtöl og vitjanir sjúkraliða
Aðsókn utan legudeilda sjúkrahúsa

Sjúkrahús

Notkun sjúkrahúspjónustu
Legur, legudagar og meðallegutími
Starfsemistölur

Hjúkrunar- og dvalarrými

Biðlisti
Færni- og heilsumat
Hvíldarinnlagnir

Sérfræðilæknar

Komur

Sjúkrapjálfun

Komur og/eða kostnaður

Lyfjanotkun

Ávísaðir dagskammtar

A.m.k eitt lyf

Tuttugu stærstu lyfjaflokkarnir

Þrjátíu mest ávísuðu lyfin

Bólusetningar barna

Þátttaka

Lýðfræðilegar upplýsingar

Fjölskyldugerð (sambúðarform, einstæðir foreldrar, forsjá barna)

Fjöldi barna og aldur við fæðingu fyrsta barns

Menntun

Starfsvettvangur (verkaskipting á vinnumarkaði, áhrifastöður, atvinnuleysi),
starfshlutfall og laun

Ólaunuð vinna

Ævilengd og ungbarnadauði

Heilsa á fullorðinsárum

Dánartíðni og dánarorsakir

Gögn sem óskað hefur verið eftir í júní 2020, sundurliðað eftir stofnunum sem búa yfir þessum upplýsingum:

Landlæknir

Vellíðan fullorðinna (H&L)

Ofbeldi um ævina (H&L)

Slævandi lyf og svefnlyf (Lgg)

Blóðsykurslækkandi lyf, önnur en insúlín (Lgg)

Háþrýstingslyfjanotkun (Lgg)

Blóðfitulækkandi lyf (Lgg)

Langvarandi lungnateppa, sjúkrahúslegur (Vsh)

Kransæðaaðgerðir (Vsh)

Inflúensubólusetning eldri en 60 ára (Bss)

Liðskiptaaðgerðir á hné (Vsh)

Heilsugæsluheimsóknir (Sh)

Sérfræðingsheimsóknir (SÍ)

Sjúkratryggingar

Komur til sérgreinalækna eftir aldri og kyni

Allir sérgreinalæknar

Húðlæknar

Meltingarlæknar/speglanir

Hjartalæknar

Háls- nef og eyrnalæknar

Svæfingarlæknar

Komur og/eða kostnaður til sjúkraþjálfara eftir kyni

vegna stoðkerfisvandamála

vegna gigtarsjúkdóma

Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis

Komur